

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um umferðarflæði og kolefnisspor eftir tekjuhópum (US220154)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hefur Reykjavíkurborg eða stofnanir/svið á hennar vegum gert úttekt á umferðarflæði eftir tekjuhópum? Hvaða tekjuhópar það séu sem ferðist mest um göturnar og hverjir minnst. Hefur kolefnisfótspor íbúa borgarinnar verið kannað með tilliti til tekna?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 24. ágúst sl.

Umsögn:

Haustið 2019 var gerð umfangsmikil ferðavenjukönnun á ferðavenjum Íslendinga af Samgönguráði og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eru niðurstöður könnunarinnar flokkaðar m.a. eftir búsetu og er hægt að sjá niðurstöður t.a.m. fyrir höfuðborgarsvæðið í heild, Reykjavík og eftir ákveðnum hverfum innan borgarinnar. Í könnunni var spurt m.a. um fjölskyldutekjur og eru niðurstöður könnunarinnar birtar eftir fjölskyldutekjum auk annarra þátta.

Könnunin var endurtekin núna í haust og ættu niðurstöður hennar að vera birtar á næsta ári. Kolefnisfótspor íbúa Reykjavíkur er reiknað á hverju ári. Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar er ekki kunnugt um að kolefnisfótspor íbúa borgarinnar hafi verið kannað m.t.t. tekna.

Hlekkur á niðurstöðu könnunarinnar frá 2019:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/samgonguaaetlun/ferdavenjukonnun-samgongurads-og-ssh/>

Hlekkur á útreikninga á kolefnisfótspori íbúa Reykjavíkur:
<https://reykjavik.is/loftslagsmal>

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri